**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1165** **2022/EES/18/48**

**frá 15. júlí 2021**

**um að leyfa tilteknar vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu og koma á fót skrám yfir þau** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 9. mgr. 24. gr. og a-lið 2. mgr. 39. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörur og efni, sem hafa verið leyfð skv. 24. gr. þeirrar reglugerðar, við lífræna framleiðslu að því tilskildu að notkun þeirra í framleiðslu sem er ekki lífræn hafi einnig verið heimiluð í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin hefur þegar lagt mat á notkun tiltekinna vara og efna við lífræna framleiðslu á grundvelli markmiða og meginreglna sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([2]). Völdu vörurnar og efnin voru þar af leiðandi leyfð með sérstökum skilyrðum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([3]) og skráð í tiltekna viðauka við þá reglugerð. Markmiðum og meginreglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/848 svipar til þeirra sem eru í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Þar eð nauðsynlegt er að trygga samfelldni í lífrænni framleiðslu ætti að færa þessar vörur og þessi efni á skrá í takmarkandi skrár sem á að koma á fót á grundvelli reglugerðar (ESB) 2018/848.

2) Í samræmi við 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa nokkur aðildarríki þar að auki lagt málsskjöl um tilteknar vörur og efni fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og færa þau á skrárnar sem á að koma á fót samkvæmt þeirri reglugerð.

3) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í lið 1.10.2. í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota tilteknar leyfðar vörur og efni til plöntuverndar. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa virk efni til notkunar í plöntuverndarvörur eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þessi virku efni.

4) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í lið 1.9.3. í I. hluta, b-lið í lið 1.9.1.2, d-lið í lið 1.9.2.2, b-lið í lið 1.9.3.2. og a-lið í lið 1.9.5.2. í II. hluta og c-lið í lið 2.2.2, lið 2.3.2 og öðrum undirlið fjórðu málsgreinar í lið 3.1.5.3. í III. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota tiltekinn áburð, jarðvegsbætandi efni og næringarefni til plöntunæringar, til að bæta og auðga undirburð, þörungaræktun eða búskaparumhverfi lagareldisdýra. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa áburð, jarðvegsbætandi efni og næringarefni eins og um getur í b-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

5) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í i-lið í lið 1.4.1. og lið 1.5.2.3 í II. hluta, d-lið í lið 3.1.3.1 í III. hluta og lið 2.3 í V. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota í fóður tiltekin fóðurefni, sem eru ekki lífrænt framleidd, úr jurtaríkinu, þörungum, dýraríkinu eða úr geri, fóðurefni úr örverum eða steinefnum, fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa fóðurefni sem eru ekki lífrænt framleidd úr jurtaríkinu, þörungum, dýraríkinu eða úr geri, fóðurefni úr örverum eða steinefnum og fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu eins og um getur í c- og d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau.

6) Að auki eru nokkur fóðurefni sem eru ekki lífrænt framleidd leyfð með beinum hætti í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/848. Til glöggvunar ætti einnig að skrá þessi fóðurefni, ásamt fóðurefnunum sem eru leyfð með þessari reglugerð, með tilvísun í sértæk ákvæði reglugerðar (ESB) 2018/848.

7) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í lið 1.11 í I. hluta, liðum 1.5.1.6 og 1.5.1.7 og c-lið í lið 1.9.4.4 í II. hluta, f-lið í lið 3.1.4.1 í III. hluta, lið 2.2.3 í IV. hluta, lið 2.4 í V. hluta og lið 1.4 í VII. hluta II. viðauka og liðum 4.2 og 7.5 í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er eingöngu heimilt að nota tilteknar vörur og efni til hreinsunar og sótthreinsunar. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa vörur til hreinsunar og sótthreinsunar eins og um getur í e-, f- og g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau.

8) Tilteknar vörur til hreinsunar og sótthreinsunar á byggingum og aðstöðu fyrir framleiðslu búfjár, lagareldisdýra og þangs og þara hafa verið metin og skráð í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Hingað til hafa þó eingöngu aðildarríki metið og leyft vörur til hreinsunar og sótthreinsunar á byggingum og aðstöðu sem eru notuð til framleiðslu og vinnslu á plöntum og á geymsluaðstöðu. Áður en þessar vörur eru leyfðar við lífræna framleiðslu ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi mat á vettvangi Sambandsins með aðstoð sérfræðingahópsins um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu. Matið ætti að fela í sér endurskoðun á öllum fyrirliggjandi leyfðum vörum og efnum til hreinsunar og sótthreinsunar.

9) Til að tryggja samfelldni í lífrænni framleiðslu ætti áfram að leyfa vörurnar sem eru skráðar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 og þær sem eru leyfðar á vettvangi aðildarríkjanna til 31. desember 2023 til að unnt sé að koma á fót skrám yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í e-, f- og g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848. Engu að síður verða þessar vörur að uppfylla viðeigandi kröfur í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]), og viðmiðanir fyrir lífræna framleiðslu sem mælt er fyrir um í II. kafla og a- og b-lið 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

10) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í lið 2.2.1 og a-lið í lið 2.2.2 í IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota tiltekin matvælaaukefni, þ.m.t. matvælaensím sem nota á sem matvælaaukefni, og hjálparefni við vinnslu við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa matvælaaukefni og hjálparefni við vinnslu eins og um getur í a-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau.

11) Matvælaaukefni og hjálparefni við vinnslu matvæla sem eru notuð við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum voru skráð, eftir því sem við á, í A-, B- og C-þátt VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Sumar þessara vara gætu þó verið flokkaðar sem aukefni en ekki sem hjálparefni við vinnslu, allt eftir notkun þeirra og verkun í lokaafurðinni. Þessi flokkun þarfnast sértækrar og tæmandi greiningar á þessum vörum við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum. Slíka greiningu ætti að gera á öllum vörum sem eru skráðar sem hjálparefni við vinnslu í reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þetta ferli mun taka tíma og ekki er unnt að ljúka því fyrir daginn þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda. Af þessum sökum verða vörur, sem eru sem stendur skráðar sem hjálparefni við vinnslu í reglugerð (EB) nr. 889/2008, skráðar sem hjálparefni við vinnslu í þessari reglugerð þangað til sértæk og tæmandi greining hefur farið fram.

---

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

12) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í lið 2.2.1. í IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota tiltekin innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa slík innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði eins og um getur í b-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau. Málsskjöl um innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, sem á að nota við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, sem aðildarríkin hafa lagt fram í samræmi við 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa verið metin innan nefndarinnar um lífræna framleiðslu. Færa ætti valdar vörur og efni, sem eru í samræmi við markmiðin og meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/848, á skrá í takmarkandi skrána sem á að koma fót með þessari reglugerð, með sérstökum skilyrðum ef nauðsyn krefur.

13) Til að veita rekstraraðilum nægan tíma til að aðlagast nýju takmarkandi skránni yfir leyfð innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði og einkum til að finna uppsprettu fyrir innihaldsefni úr landbúnaði sem hafa verið framleidd í samræmi við reglugerð 2018/848 þykir þó rétt að skráin yfir innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, sem eru leyfð til notkunar við vinnslu á lífrænt framleiddum matvælum með þessari reglugerð, gildi frá 1. janúar 2024.

14) Miðað við samsetningu tiltekinna innihaldsefna sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði getur sum notkun þeirra í lífrænt framleidd unnin matvæli samsvarað notkun sem matvælaaukefni, hjálparefni við vinnslu matvæla eða vörur og efni sem um getur í lið 2.2.2 í IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848. Þessi notkun útheimtir sérstakt leyfi, í samræmi við lið 2.2 í IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, og ekki ætti að heimila slíka notkun með leyfi fyrir innihaldsefnum sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði.

15) Við tilteknar aðstæður og skilyrði, sem einkum eru sett fram í a-lið í lið 1.3. í VII. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, er heimilt að nota tiltekin hjálparefni við vinnslu til framleiðslu á geri og gerafurðum. Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa hjálparefni við vinnslu til framleiðslu á geri og gerafurðum eins og um getur í c-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og koma á fót skrá yfir þau.

16) Í samræmi við lið 2.2 í VI. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörur og efni sem eru leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu skv. 24. gr. þeirrar reglugerðar við framleiðslu afurða úr víngeiranum, eins og um getur í l-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([6]). Í þeim tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að leyfa slíkar vörur og efni og koma á fót skrá yfir þau.

17) Með 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er framkvæmdastjórninni falið vald til að veita sértæk leyfi fyrir notkun á vörum og efnum í þriðju löndum og á ystu svæðum Sambandsins. Í 7. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar er sett fram hvernig á að hefja málsmeðferð sem aðildarríkin eiga að fylgja að því er varðar ystu svæði Sambandsins. Málsmeðferðin sem skal fylgja varðandi slík leyfi, að því er varðar þriðju lönd, er þó ekki tilgreind í reglugerð (ESB) 2018/848. Því er rétt að koma þeirri málsmeðferð á í þessari reglugerð, í samræmi við málsmeðferðina sem á að fylgja til að leyfa vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu í Sambandinu, eins og sett er fram í 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848. Þar eð veita má þessi leyfi til tveggja ára með möguleika á endurnýjun þykir rétt, til að koma í veg fyrir rugling við vörur og efni sem eru leyfð án tímamarka, að skrá viðkomandi vörur og efni í sérstakan viðauka.

18) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti að fella reglugerð (EB) nr. 889/2008 úr gildi. Þar eð ekki verður búið að koma skránum yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar á fót fyrir 1. janúar 2024 ætti þó VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 889/2008 að gilda áfram til 31. desember 2023. Í því samhengi þykir rétt að taka fram að ekki er heimilt að nota vörur sem eru skráðar í þeim viðauka, sem eru ekki leyfðar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012, sem sæfivörur. Enn fremur gildir skráin yfir innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, sem á að nota við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, sem komið er á fót með þessari reglugerð einungis frá og með 1. janúar 2024. Því þykir rétt að kveða á um að setja megi lífrænt framleidd unnin matvæli, sem voru framleidd fyrir 1. janúar 2024 með innihaldsefnum sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði sem eru skráð í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, á markað eftir þann dag þar til birgðir eru uppurnar.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

19) Unnt er að gefa út vottorð sem lögbært yfirvöld eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar skulu gefa út til rekstraraðila, í samræmi við 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, frá og með 1. janúar 2022. Þó verður það ekki látið öllum hlutaðeigandi rekstraraðilum í té á þeim degi. Til að tryggja samfelldni í lífrænni framleiðslu og þrátt fyrir 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 ættu skrifleg sönnunargögn, sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar gefa út til rekstraraðila í samræmi við 68. gr. reglugerðar (EB) 889/2008 fyrir 1. janúar 2022, að gilda áfram til loka gildistímans. Þar eð rekstraraðilar eiga að falla undir sannprófun á að farið sé að tilteknum ákvæðum a.m.k. einu sinni á ári skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og í samræmi við 5. mgr. 38. gr. þeirrar reglugerðar á afhending vottorðsins að byggjast á niðurstöðum úr þeirri sannprófun ætti þó gildistíminn ekki vera lengri en til 31. desember 2022.

20) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda. Af ástæðum sem settar eru fram í 18. forsendu þessarar reglugerðar ættu þó ákvæðin sem vísa til skráa yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar og til skráar yfir innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, sem á að nota við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, að gilda frá 1. janúar 2024.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Virk efni í plöntuverndarvörum**

Að því er varðar a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 mega plöntuverndarvörur sem eru notaðar við lífræna framleiðslu eingöngu innihalda virku efnin sem eru skráð í I. viðauka við þessa reglugerð, eins og sett er fram í þeim viðauka, að því tilskildu að þessar plöntuverndarvörur:

a) hafi verið leyfðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([7]),

b) séu notaðar í samræmi við notkunarskilyrðin sem eru tilgreind í leyfunum fyrir vörunum, sem innihalda þau, sem aðildarríkin gáfu út og

c) séu notaðar í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([8]).

*2. gr.*

**Áburður, jarðvegsbætandi efni og næringarefni**

Að því er varðar b-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í II. viðauka við þessa reglugerð, við lífræna framleiðslu sem áburð, jarðvegsbætandi efni og næringarefni til plöntunæringar, til að bæta og auðga undirburð, þörungaræktun eða búskaparumhverfi lagareldisdýra, að því tilskildu að þau séu í samræmi við

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([9]), viðeigandi gildandi greinar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 ([10]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([11]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([12]) og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*3. gr.*

**Fóðurefni sem er ekki lífrænt framleitt úr jurtaríkinu, þörungum, dýraríkinu eða úr geri, eða fóðurefni úr örverum eða steinefnum**

Að því er varðar c-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í A-hluta III. viðauka við þessa reglugerð, við lífræna framleiðslu sem fóðurefni sem eru ekki lífrænt framleidd úr jurtaríkinu, þörungum, dýraríkinu eða úr geri eða sem fóðurefni úr örverum eða steinefnum, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ([13]) og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*4. gr.*

**Fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu**

Að því er varðar d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í B-hluta III. viðauka við þessa reglugerð, við lífræna framleiðslu sem fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu sem eru notuð í fóður, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([14]) og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*5. gr.*

**Vörur til hreinsunar og sótthreinsunar**

1. Að því er varðar e-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar sem eru skráðar í A-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð til hreinsunar og sótthreinsunar á tjörnum, búrum, tönkum, fiskeldisrennum, byggingum eða aðstöðu sem er notuð til dýraeldis, að því tilskildu að þessar vörur séu í samræmi við ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð (EB) nr. 648/2004 og reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

2. Að því er varðar f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar sem eru skráðar í B-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð til hreinsunar og sótthreinsunar á byggingum og aðstöðu sem er notuð til plöntuframleiðslu, þ.m.t. til geymslu á búi, að því tilskildu að þessar vörur séu í samræmi við ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð (EB) nr. 648/2004 og reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

---

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

(10) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1).

(11) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(12) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(13) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

(14) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

3. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar sem eru skráðar í C-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð til hreinsunar og sótthreinsunar í vinnslu- og geymsluaðstöðu, að því tilskildu að þessar vörur séu í samræmi við ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 og reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

4. Meðan beðið er eftir skráningu þeirra í A-, B- eða C-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð má áfram nota vörur til hreinsunar og sótthreinsunar, sem um getur í e-, f- og g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, sem voru leyfðar til notkunar við lífræna framleiðslu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða samkvæmt landslögum fyrir þann dag sem reglugerð (ESB) 2018/848 kom til framkvæmda, ef þær eru í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð (EB) nr. 648/2004 og reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*6. gr.*

**Matvælaaukefni og hjálparefni við vinnslu**

Að því er varðar a-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í A-hluta V. viðauka við þessa reglugerð, sem matvælaaukefni, þ.m.t. matvælaensím sem á að nota sem matvælaaukefni, og hjálparefni við vinnslu við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ([15]) og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*7. gr.*

**Innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði sem á að nota við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum**

Að því er varðar b-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði sem eru skráð í B-hluta V. viðauka við þessa reglugerð við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

Fyrsta málsgrein er með fyrirvara um ítarlegar kröfur um lífræna framleiðslu á unnum matvælum sem kveðið er á um í 2. þætti IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848. Einkum skal fyrsta málsgrein ekki gilda um innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði sem eru notuð sem matvælaaukefni, hjálparefni við vinnslu eða vörur og efni sem um getur í lið 2.2.2 í IV. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.

*8. gr.*

**Hjálparefni við vinnslu til framleiðslu á geri og gerafurðum**

Að því er varðar c-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í C-hluta V. viðauka við þessa reglugerð, sem hjálparefni við vinnslu til framleiðslu á geri og gerafurðum í matvæli og fóður, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

*9. gr.*

**Vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu á víni**

Að því er varðar lið 2.2 í VI. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota vörurnar og efnin, sem eru skráð í D-hluta V. viðauka við þessa reglugerð, við framleiðslu og varðveislu lífrænt ræktaðra vínræktarafurða, eins og um getur í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, að því tilskildu að notkun þeirra sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ([16]) og, eftir atvikum, í samræmi við landsákvæði sem byggja á lögum Sambandsins.

*10. gr.*

**Málsmeðferð við veitingu sérstakra leyfa fyrir notkun á vörum og efnum á tilteknum svæðum þriðju landa**

1. Ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili, sem er viðurkenndur skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, telur að vara eða efni ætti að fá sérstakt leyfi vegna notkunar á tilteknu svæði utan Sambandsins vegna sérstakra skilyrða sem sett eru fram í 2. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar getur það/hann óskað eftir því að framkvæmdastjórnin framkvæmi mat. Í þeim tilgangi skal það/hann tilkynna framkvæmdastjórninni um málsskjöl þar sem viðkomandi vöru eða efni er lýst, tilgreindar ástæður fyrir slíku sérstöku leyfi og útskýrt hvers vegna vörur og efni, sem eru leyfð samkvæmt þessari reglugerð, eru ekki fullnægjandi til notkunar vegna sérstakra skilyrða á viðkomandi svæði. Það/hann skal tryggja að málsskjölin séu tæk til að gera þau aðgengileg öllum, með fyrirvara um löggjöf Sambandsins og landslöggjöf aðildarríkja um persónuvernd.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda beiðnina sem um getur í 1. mgr. til aðildarríkjanna og skal birta allar slíkar beiðnir.

3. Framkvæmdastjórnin skal greina málsskjölin sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal einungis leyfa vöruna eða efnið, með hliðsjón af sérstöku skilyrðunum sem um getur í málsskjölunum, ef greiningin leiðir heilt yfir í ljós að:

a) slíkt sérstakt leyfi sé réttmætt á viðkomandi svæði,

b) varan eða efnið sem lýst er í málsskjölunum sé í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í II. kafla, viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. 24. gr. og skilyrðið sem sett er fram í 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og

c) notkun vörunnar eða efnisins sé í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins, einkum, að því er varðar virk efni sem plöntuverndarvörur innihalda, við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([17]).

Leyfða varan eða efnið skal skráð í VI. viðauka við þessa reglugerð.

4. Þegar tveggja ára tímabilið sem um getur í 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 rennur út skal leyfið endurnýjað sjálfkrafa í önnur tvö ár, að því tilskildu að engir nýir þættir liggi fyrir og að ekkert aðildarríki eða eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem er viðurkenndur skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hafi hreyft andmælum sem réttlætir að endurmeta þurfi niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 3. mgr.

*11. gr.*

**Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er felld úr gildi.

Þó gilda VII. og IX. viðauki áfram til 31. desember 2023.

---

([16]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

*12. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

1. Að því er varðar 4. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar má áfram nota vörur til hreinsunar og sótthreinsunar, sem eru skráðar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, til 31. desember 2023 til hreinsunar og sótthreinsunar á tjörnum, búrum, tönkum, fiskeldisrennum, byggingum eða aðstöðu sem er notuð til dýraeldis, með fyrirvara um D-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 má áfram nota innihaldsefni sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, sem eru skráð í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum til 31. desember 2023. Setja má lífrænt framleidd unnin matvæli, sem voru framleidd fyrir 1. janúar 2024 með þessum innihaldsefnum sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði, á markað eftir þann dag þar til birgðir eru uppurnar.

3. Skrifleg sönnunargögn sem voru gefin út í samræmi við 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 fyrir 1. janúar 2022 skulu gilda áfram til loka gildistímans en ekki eftir 31. desember 2022.

*13. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Þó koma ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. og 7. gr. til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Virk efni sem plöntuverndarvörur innihalda sem eru leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848**

Virku efnin sem eru skráð í þessum viðauka mega vera í plöntuverndarvörum sem eru notaðar við lífræna framleiðslu, eins og sett er fram í þessum viðauka, að því tilskildu að þessar plöntuverndarvörur séu leyfðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Þessar plöntuverndarvörur skulu notaðar í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 og í samræmi við skilyrðin sem eru tilgreind í leyfunum sem aðildarríkin, þar sem þær eru notaðar, veita. Strangari skilyrði fyrir notkun við lífræna framleiðslu eru tilgreind í síðasta dálkinum í hverri töflu hér á eftir.

Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 skulu eiturdeyfar, samverkandi efni og meðefni sem efnisþættir í plöntuverndarvörum og hjálparefni sem á að blanda saman við plöntuverndarvörur leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu, að því tilskildu að þau séu leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Einungis er heimilt að nota efnin í þessum viðauka til að verjast skaðvöldum, eins og skilgreint er í 24. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Í samræmi við lið 1.10.2. í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er einungis heimilt að nota þessi efni ef ekki er hægt að veita plöntum fullnægjandi vernd gegn skaðvöldum með þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í lið 1.10.1. í þeim I. hluta, einkum með notkun varnarlífvera, s.s. gagnlegra skordýra, mítla og þráðorma sem eru í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 ([1]).

Í þessum viðauka er virkum efnum skipt í eftirfarandi undirflokka:

1. **Grunnefni**

Heimilt er að nota grunnefni, sem eru skráð í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, úr jurta- eða dýraríkinu og að stofni til úr matvælum, eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([2]), við plöntuvernd í lífrænni framleiðslu. Slík grunnefni eru merkt með stjörnu í töflunni hér á eftir. Þau skulu notuð í samræmi við notkunina, skilyrðin og takmarkanirnar sem sett eru fram í viðkomandi endurskoðunarskýrslum ([3]) og að teknu tilliti til viðbótartakmarkana, ef einhverjar eru, í síðasta dálkinum í töflunni hér á eftir.

Einungis er heimilt að nota önnur grunnefni, sem eru skráð í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, við plöntuvernd í lífrænni framleiðslu ef þau eru skráð í töflunni hér á eftir. Slík grunnefni skulu notuð í samræmi við notkunina, skilyrðin og takmarkanirnar sem sett eru fram í viðkomandi endurskoðunarskýrslum[3] og að teknu tilliti til viðbótartakmarkana, ef einhverjar eru, í hægri dálkinum í töflunni hér á eftir.

Ekki skal nota grunnefni sem illgresiseyðir.

| Númer og hluti viðauka ([1]) | CAS | Heiti | Sérstök skilyrði og takmarkanir |
|---|---|---|---|
| 1C | | *Equisetum arvense* L.* | |
| 2C | 9012-76-4 | Kítósanhýdróklóríð* | Fengið úr *Aspergillus* eða lífrænu lagareldi eða sjálfbærum sjávarútvegi eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 ([2]) |

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtíð. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([3]) Aðgengilegt í gagnagrunninum yfir varnarefni: https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/active-substances/?event=search.as

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3C | 57-50-1 | Súkrósi* | |
| 4C | 1305-62-0 | Kalsíumhýdroxíð | |
| 5C | 90132-02-8 | Edik* | |
| 6C | 8002-43-5 | Lesitín* | |
| 7C | - | Víðibörkur* | |
| 8C | 57-48-7 | Frúktósi* | |
| 9C | 144-55-8 | Natríumvetniskarbónat | |
| 10C | 92129-90-3 | Mysa* | |
| 11C | 7783-28-0 | Díammóníumfosfat | eingöngu í gildrur |
| 12C | 8001-21-6 | Sólblómaolía* | |
| 14C | 84012-40-8<br>90131-83-2 | *Urtica* spp. (útdráttur úr *Urtica dioica*) (útdráttur úr *Urtica urens*)* | |
| 15C | 7722-84-1 | Vetnisperoxíð | |
| 16C | 7647-14-5 | Natríumklóríð | |
| 17C | 8029-31-0 | Bjór* | |
| 18C | - | Sinnepsfræsduft* | |
| 20C | 8002-72-0 | Laukolía* | |
| 21C | 52-89-1 | L-systeín (E 920) | |
| 22C | 8049-98-7 | Kúamjólk* | |
| 23C | - | Laukútdráttur úr *Allium cepa** L. | |
| | | Önnur grunnefni úr jurta- eða dýraríkinu og að stofni til úr matvælum* | |

([1]) Skráning samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, númer og flokkur: A-hluti: Virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, B-hluti: virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, C-hluti: grunnefni, D-hluti: áhættulítil virk efni og E-hluti: efni sem ráðgert er að skipta út.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

2. **Áhættulítil virk efni**

Heimilt er að nota áhættulítil virk efni, önnur en örverur, sem eru skráð í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, við plöntuvernd í lífrænni framleiðslu ef þau eru skráð í töflunni hér á eftir eða annars staðar í þessum viðauka. Slík áhættulítil virk efni skulu notuð í samræmi við notkunina, skilyrðin og takmarkanirnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og að teknu tilliti til viðbótartakmarkana, ef einhverjar eru, í síðasta dálkinum í töflunni hér á eftir.

| Númer og hluti viðauka ([1]) | CAS | Heiti | Sérstök skilyrði og takmarkanir |
|---|---|---|---|
| 2D | | COS-OGA | |
| 3D | | Serevísan og aðrar afurðir sem eru að stofni til úr frumubrotum örvera | Ekki úr erfðabreyttum lífverum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5D | 10045-86-6 | Járnfosfat (járn(III)ortófosfat) | |
| 12D | 9008-22-4 | Lamínarín | Þari skal fenginn úr lífrænu lagareldi eða honum safnað á sjálfbæran hátt í samræmi við lið 2.4 í III. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 |

(1) Skráning samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, númer og flokkur: A-hluti: Virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, B-hluti: virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, C-hluti: grunnefni, D-hluti: áhættulítil virk efni og E-hluti: efni sem ráðgert er að skipta út.

3. **Örverur**

Heimilt er að nota allar örverur sem eru skráðar í A-, B- og D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 við lífræna framleiðslu, að því tilskildu að þær séu ekki úr erfðabreyttum lífverum og eingöngu þegar þær eru notaðar í samræmi við notkunina, skilyrðin og takmarkanirnar sem eru fastsett í viðkomandi endurskoðunarskýrslum[3]. Örverur, þ.m.t. veirur, eru varnarlífverur sem teljast virk efni með reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4. **Virk efni sem eru ekki talin með í framangreindum flokkum**

Einungis er heimilt að nota virk efni, sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og skráð í töflunni hér á eftir, sem plöntuverndarvörur við lífræna framleiðslu ef þau eru notuð í samræmi við notkunina, skilyrðin og takmarkanirnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og að teknu tilliti til viðbótartakmarkana, ef einhverjar eru, í hægri dálkinum í töflunni hér á eftir.

| Númer og hluti viðauka (1) | CAS | Heiti | Sérstök skilyrði og takmarkanir |
|---|---|---|---|
| 139A | 131929-60-7<br>131929-63-0 | Spínósað | |
| 225A | 124-38-9 | Koltvísýringur | |
| 227A | 74-85-1 | Etýlen | Einungis á banana og kartöflur; þó er einnig heimilt að nota það á sítrusávexti sem hluta af áætlun til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum ávaxtaflugna. |
| 230A | m.a. 67701-09-1 | Fitusýrur | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 231A | 8008-99-9 | Hvítlaukskjarni (*Allium sativum*) | |
| 234A | CAS-nr. ekki úthlutað<br>CIPAC-nr. 901 | Vatnsrofin prótín, þó ekki gelatín | |
| 244A | 298-14-6 | Kalíumvetniskarbónat | |
| 249A | 98999-15-6 | Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör | |
| 255A og annað | | Ferómón og önnur boðskiptaefni | Einungis í gildrur og skammtara |
| 220A | 1332-58-7 | Álsílíkat (kaólín) | |
| 236A | 61790-53-2 | Kísilgúr | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 247A | 14808-60-7<br>7637-86-9 | Kvarssandur | |
| 343A | 11141-17-6<br>84696-25-3 | Asadíraktín (dísartréskjarni) | Dregið út úr fræjum Neem-trés (*Azadirachta indica*) |
| 240A | 8000-29-1 | Sítrónelluolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 241A | 84961-50-2 | Negulolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 242A | 8002-13-9 | Repjuolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 243A | 8008-79-5 | Garðmyntuolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 56A | 8028-48-6<br>5989-27-5 | Appelsínuolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 228A | 68647-73-4 | Teviðarolía | Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir |
| 246A | 8003-34-7 | Pýretrín sem eru útdregin úr plöntum | |
| 292A | 7704-34-9 | Brennisteinn | |
| 294A 295A | 64742-46-7<br>72623-86-0<br>97862-82-3<br>8042-47-5 | Paraffínolíur | |
| 345A | 1344-81-6 | Brennisteinskalk (kalsíumfjölsúlfíð) | |
| 44B | 9050-36-6 | Maltódextrín | |
| 45B | 97-53-0 | Evgenól | |
| 46B | 106-24-1 | Geraníól | |
| 47B | 89-83-8 | Þýmól | |
| 10E | 20427-59-2 | Koparhýdroxíð | Í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 má einungis leyfa notkun sem hefur í för með sér að hámarki 28 kg af kopar á hvern hektara á sjö ára tímabili. |
| 10E | 1332-65-6<br>1332-40-7 | Koparoxýklóríð | |
| 10E | 1317-39-1 | Koparoxíð | |
| 10E | 8011-63-0 | Bordeaux-blanda | |
| 10E | 12527-76-3 | Tríbasískt koparsúlfat | |
| 40A | 52918-63-5 | Deltametrín | Eingöngu í gildrur með sérstöku löðunarefni gegn *Bactrocera oleae* og *Ceratitis capitata.* |
| 5E | 91465-08-6 | Lambda-sýhalótrín | Eingöngu í gildrur með sérstöku löðunarefni gegn *Bactrocera oleae* og *Ceratitis capitata.* |

([1]) Skráning samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, númer og flokkur: A-hluti: Virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, B-hluti: virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, C-hluti: grunnefni, D-hluti: áhættulítil virk efni og E-hluti: efni sem ráðgert er að skipta út.

*II. VIÐAUKI*

**Leyfður áburður, jarðvegsbætandi efni og næringarefni sem um getur í b-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848**

Nota má áburð, jarðvegsbætandi efni og næringarefni ([1]), sem skráð eru í þessum viðauka, við lífræna framleiðslu að því tilskildu að þau séu í samræmi við

— viðeigandi löggjöf Sambandsins og landslöggjöf um áburðarvörur, einkum, eftir atvikum, reglugerð (EB) nr. 2003/2003 og reglugerð (ESB) 2019/1009 og

— löggjöf Sambandsins um aukaafurðir úr dýrum, einkum reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð (ESB) nr. 142/2011, einkum V. og XI. viðauka.

Í samræmi við lið 1.9.6. í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er heimilt að nota örverublöndur til að bæta heildarástand jarðvegarins eða til að bæta tiltækileika næringarefna í jarðveginum eða í nytjaplöntunum.

Einungis er heimilt að nota þær samkvæmt nákvæmum skilgreiningum og takmörkunum fyrir notkun í löggjöf Sambandsins og landslöggjöf, eftir því sem við á. Strangari skilyrði fyrir notkun við lífræna framleiðslu eru tilgreind í hægri dálkinum í töflunum.

| Heiti<br>Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir: | Lýsing, sérstök skilyrði og takmarkanir |
|---|---|
| Húsdýraáburður | Afurð sem er blanda af húsdýraskít og plöntuefni (hálmur og fóðurefni)<br>Ekki úr verksmiðjubúskap |
| Þurrkaður húsdýraáburður og þurrkaður alifuglaáburður | Ekki úr verksmiðjubúskap |
| Myltur dýraskítur, þ.m.t. alifuglaáburður og myltur húsdýraáburður | Ekki úr verksmiðjubúskap |
| Fljótandi húsdýraúrgangur | Notkun eftir stýrða gerjun og/eða hæfilega þynningu<br>Ekki úr verksmiðjubúskap |
| Myltuð eða gerjuð blanda af húsasorpi | Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið myltað eða beitt loftfirrtri gerjun til að framleiða lífgas<br>Einungis húsasorp úr jurta- og dýraríki<br>Einungis ef það er framleitt í lokuðu og vöktuðu söfnunarkerfi sem aðildarríkið samþykkir<br>Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7, kopar: 70, nikkel: 25, blý: 45, sink: 200, kvikasilfur: 0,4, króm (heildarmagn): 70, króm (VI): ógreinanlegt |
| Mór | Notkun takmörkuð við garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni, blómarækt, trjárækt, gróðrarstöð) |
| Úrgangur frá svepparæktun | Upprunaleg samsetning næringarefnablöndunnar skal takmarkast við afurðirnar í þessum viðauka |
| Úrgangur frá ormum (ormamolta) og undirlagsblanda úr skordýraúrgangi | Ef við á í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 |
| Gúanó | |
| Myltuð eða gerjuð blanda úr plöntuefni | Afurð fengin úr blöndum plöntuefnis, sem hafa verið myltaðar eða beittar loftfirrtri gerjun til að framleiða lífgas |

([1]) Nær einkum yfir alla vöruvirkniflokka sem eru skráðir í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009.

| | |
|---|---|
